

Niðurstöður aðalfundar 8. maí 2009

Tillaga um arðgreiðslu og ráðstöfun taps

Aðalfundurinn samþykkti að greiða ekki út arð til hluthafa.

Stjórnarkjör

Í stjórn félagsins voru kjörnir:

Haraldur Gíslason, sölustjóri Vestmannaeyjum.

Hjálmar Kristjánsson, framkvæmdastjóri Rifi.

Leifur Leifsson, húsasmíðameistari Vestmannaeyjum.

Sigurjón Óskarsson, útgerðarmaður Vestmannaeyjum.

Magnús Helgi Árnason, lögfræðingur Reykjavík

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Haraldur Gíslason kjörinn formaður og Leifur Leifsson varaformaður.

Í varastjórn voru kjörnir:

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims hf.

Kristín Gísladóttir, Vestmannaeyjum.

Endurskoðendur félagsins

Löggiltir endurskoðendur Vinnslustöðvarinnar hf. voru kosnir Deloitte hf.

Þóknun til stjórnar

Aðalfundur samþykkti að þóknun til stjórnarmanna verði 650.000 krónur og stjórnarformaður fái tvöfalda þóknun stjórnarmanna. Varastjórnarmenn fái greitt eftir fundarsetu, 65.000 krónur fyrir hvern fund en þó aldrei hærra en 650.000 krónur.

Heimild til stjórnar að kaupa hlutabréf í Vinnslustöðinni hf.

Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf. samþykkti að heimila stjórn þess að kaupa hlutabréf í Vinnslustöðinni fyrir allt að 155 milljónir króna að nafnverði á næstu 18 mánuðum. Kaupverð bréfanna má eigi vera hærra en 10% yfir síðasta þekkta söliverði áður en kaup eru gerð. Lágmark eru ekki sett á heimild þessa, hvorki hvað varðar kaupverð né stærð hlutar sem keyptur er hverju sinni.

Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti starfskjarastefnu félagsins. Hún er eftirfarandi:

1. Tilgangur.

Starfskjarastefna Vinnslustöðvarinnar hf. miðar að því að gera starf hjá Vinnslustöðinni hf. eftirsóknarvert. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum.

2. Starfskjör stjórnarmanna.

Þóknun til stjórnarmanna og varamanna skal ákveðin á aðalfundi ár hvert og skal þóknunin taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

3. Starfskjör framkvæmdastjóra.

Starfskjör framkvæmdastjóra skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi, þar á meðal föst laun, árangurstengdar greiðslur, kaupréttur, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur, svo og, eftir atvikum, eftirlaunaréttindi og greiðslur við starfslok.

4. Starfskjör stjórnenda.

Starfskjör annarra æðstu stjórnenda félagsins, sem nánar skulu tilgreind í skriflegum ráðningarsamningum, skulu einnig taka mið af sjónarmiðum 3. gr. eftir því sem við á.

5. Endurskoðun starfskjarastefnu. Upplýsingagjöf.

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund félagsins til samþykktar eða synjunar.

Gera skal árlega grein fyrir launum og öðrum starfskjörum stjórnar og æðstu stjórnenda í ársreikningi félagsins.

Tillaga stjórnar um kaup á stofnfjárbréfum í Sparisjóði Vestmannaeyja

Aðalfundurinn samþykkti tillöguna

Tillaga stjórnar um að félagið nýti eigin hluti sem gagngjald fyrir hutabréf í Ufsabergi-útgerð ehf. í tengslum við mögulega sameiningu félaganna

Aðalfundur samþykkti tillöguna